

**Ed. 88. Frumvarp til laga [88. mál]**

um framhald álagningar og innheimtu ýmissa tímabundinna skatta og gjalda á árinu 1987.  
(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

**I. KAFLI**

**Um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.**

**1. gr.**

Eigendur fasteigna, sem nýttar eru við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, skulu á árinu 1987 greiða sérstakan eignarskatt til ríkissjóðs.

**2. gr.**

Skattskylda hvílir á aðilum sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, auk þess bönkum og sparisjóðum og innlánsstofnunum.

**3. gr.**

Stofn til sérstaks eignarskatts skal vera fasteignamatsverð í árslok 1986 á fasteign sem nýtt er við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, ásamt tilheyrandi lóð, enda þótt um leigulóð sé að ræða, þó að frádregnu afgangskvaðarverðmæti leigulóðar sem skal telja sem stofn hjá eiganda hennar.

Ef fasteignamatsverð er ekki fyrir hendi skal miða við kostnaðar- eða kaupverð eignar eða áætlað fasteignamatsverð.

**4. gr.**

Við ákvörðun á því hvaða eignir myndi stofn til sérstaks eignarskatts skal miða við raunverulega notkun fasteignanna í árslok 1986.

Sé sama eignin notuð við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, en einnig til annars, skal við ákvörðun á skattstofni skipta verðmæti eignarinnar hlutfallslega.

**5. gr.**

Með skattframtali 1987 skal fylgja skrá yfir eignir sem falla undir I. kafla laga þessara ásamt upplýsingum um heildarfasteignamatsverð þeirra, eða eftir atvikum kostnaðarverð, í árslok 1986. Enn fremur skal skrá þar upplýsingar um notkun þeirra svo og upplýsingar um rúmmál eigna sem um er getið í 2. mgr. 4. gr.

Aðilar, sem skattskyldir eru skv. 2. gr. laga þessara en undanþegnir eru tekju- og eignarskattsskyldu, skulu fyrir 31. maí 1987 skila skrám skv. 1. mgr. til skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili.

**6. gr.**

Sérstakur eignarskattur skal nema 1,1% af skattstofni skv. 3. gr. Skattinn skal leggja á í heilum tugum króna þannig að lægri fjárhæð en 10 kr. sé sleppt.

Sérstakan eignarskatt, sem ekki nær 3300 kr., skal fella niður við álagningu.

**7. gr.**

Ákvæði VIII.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skulu gilda um álagningu og innheimtu sérstaks eignarskatts eftir því sem við á nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

8. gr.

Skatt samkvæmt þessum kafla má draga frá tekjum rekstrarársins 1986 sem rekstrarútgjöld við álagningu tekjuskatts og útsvars á árinu 1987. Þá er skatturinn til frádráttar eignum við ákvörðun eignarskatts samkvæmt lögum nr. 75/1981, eftir reglum lokaákvæðis 1. mgr. 76. gr. þeirra laga.

## II. KAFLI

### Um húsnæðisgjald.

9. gr.

Á árinu 1987 skal leggja 1% húsnæðisgjald á söluskattsstofn allra þeirra aðila sem lög nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, taka til. Gilda ákvæði þeirra laga og reglugerða settra samkvæmt þeim að fullu um álagningu og innheimtu þessa gjalds, svo og um aðra framkvæmd. Gjaldið rennur óskipt í ríkissjóð og skal því ráðstafað til útlána á vegum Byggingarsjóðs ríkisins.

## III. KAFLI

### Um breyting á lögum nr. 107 30. desember 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með síðari breytingum.

10. gr.

1. gr. laga nr. 107/1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með síðari breytingum, sbr. 1. gr. laga nr. 109/1985, breytist með svofelldum hætti:

1. og 2. másl. 1. gr. laganna orðist svo:

Greidda skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald. Gjaldið skal greitt til og með 31. desember 1987 í eftirfarandi tveimur gjaldflokkum:

## IV. KAFLI

### Um breyting á lögum nr. 110 31. desember 1985, um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o.fl., með áorðnum breytingum.

11. gr.

Úr 1. gr. laganna falli brott „31. desember 1986“ en í staðinn komi: 31. desember 1987.

## V. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

12. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði I. kafla koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 1987.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eins og ráða má af athugasemdum með frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1987 miðast forsendur þess við að innheimtu ýmissa tímabundinna skatta og gjalda verði fram haldið á næsta ári með sama hætti og verið hefur undanfarin ár. Hér er um að ræða eftirtalda skatta og gjöld:

Skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, húsnæðisgjald, sérstakt tímabundið vörugjald og jöfnunarálag á innflutt hús.

Á haustþingum undanfarinna ára hafa ætíð verið borin fram sérstök frumvörp um framlengingu skattheimtu þeirrar sem hér um ræðir nema um húsnæðisgjald sem lögfest var í júní 1985 og gilda á til næstu áramóta. Af hagkvæmnisástæðum er nú brugðið á það ráð að sameina í eitt frumvarp ákvæði er gera ráð fyrir framhaldi þessarar tímabundnu skattheimtu á árinu 1987. Að öðru leyti vísast til athugasemda við einstaka kafla frumvarpsins hér á eftir.

#### Um I. kafla.

Sérstakur skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði var lagður á í fyrsta sinn á árinu 1979. Hefur skatturinn síðan verið lagður á árlega samkvæmt sérstökum lögum sem gilt hafa fyrir eitt ár í senn. Í ár er skatturinn lagður á samkvæmt lögum nr. 100/1985. Í endurskoðaðri tekjuáætlun fyrir árið 1986 er áætlað að innheimtar tekjur af honum verði um 120 millj. kr. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1987 er eins og áður segir gert ráð fyrir að framhald verði á skattlagningu þessari. Af þessum sökum er í I. kafla þessa frumvarps lagt til að ákvæði efnislega samhljóða lögum nr. 100/1985, þar á meðal að því er varðar skatthlutfall, verði lögfest vegna álagningar opinberra gjalda 1987. Í tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 1987 er gert ráð fyrir að álagning skattsins nemi um 160 millj. kr. en innheimta um 145 millj. kr. að meðtalinni innheimtu af eftirstöðvum fyrri ára.

#### Um II. kafla.

Hinn 31. desember n.k. falla úr gildi lög nr. 48/1985, um sérstaka fjáröflun vegna húsnæðismála á árunum 1985 og 1986. Í 1. gr. þeirra er kveðið á um álagningu 1% húsnæðisgjalds á söluskattsstofn söluskattsskyldra aðila á árunum 1985 og 1986. Tekjum af gjaldinu ber að ráðstafa til útlána á vegum Byggingarsjóðs ríkisins. Eins og kunnugt er var fjáröflun þessi liður í sérstökum ráðstöfunum sem stjórnvöld gripu til á árinu 1985 til lausnar á brýnustu vandamálum húsbyggjenda og húskaupenda. Með lögum nr. 54/1986, um breyting á lögum nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins, er m.a. gerð veruleg breyting á fjármögnun húsnæðiskerfisins. Samkvæmt þeim er gert ráð fyrir að fjármögnun byggingarsjóðanna verði fyrst og fremst í formi skuldabréfakaupa lífeyrissjóða. Þrátt fyrir þetta er áfram þörf á verulegu framlagi ríkissjóðs til byggingarsjóðanna. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1987 nemur framlagið á næsta ári 1300 millj. kr. Í ljósi þessa annars vegar og ákaflega þröngrar fjárhagsstöðu ríkissjóðs hins vegar þykir ekki hjá því komist að kveða á um álagningu og innheimtu húsnæðisgjalds í óbreyttri mynd á næsta ári. Áætlað er að tekjur af gjaldinu nemi um 600 millj. kr. á árinu 1987.

#### Um III. kafla.

Í þessum kafla er lagt til að sérstakt vörugjald verði framlengt um eitt ár eða til ársloka 1987.

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á þeim vöruflokkum sem vörugjaldið er nú lagt á og verður gjaldið eftir sem áður lagt á í tveimur gjaldflokkum.

Í tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 1987 er gert ráð fyrir að tekjur vegna innheimtu gjaldsins verði 1915 millj. kr. Þessi áætlun er þó gerð með þeim fyrirvara að um óbreytta álagningu vörugjalds á næsta ári verði að ræða.

Athygli skal vakin á því að ef áform um ný tollalög ná fram að ganga má búast við breytingum á löggjöf um vörugjöld.

#### Um IV. kafla.

Með lögum nr. 83/1981 var fjármálaráðherra veitt tímabundin heimild til þess að leggja jöfnunarálag á hús og húshluta í tilteknum tollskrárnúmerum. Gjaldtöku þessari var ætlað að rétta hlut innlendra húsagerðar gagnvart aukinni samkeppni erlendis frá. Átti álagið að samsvara uppsöfnuðum gjöldum af efnivöru í innlenda framleiðslu en ýmis hátollavara til húsbygginga ber lægri aðflutningsgjöld ef hún er flutt inn með húsi eða húshluta heldur en hún ber ef hún er flutt inn sérstaklega. Um frekari rökstuðning fyrir jöfnunarálaginu vísast í greinargerð sem fylgdi frumvarpi því sem varð að lögum nr. 83/1981. Álagning gjalds þessa hefur síðan verið framlengd ár frá ári og nú síðast með lögum nr. 110/1985. Þar sem gert er ráð fyrir að aðflutningsgjöld og sérstakt vörugjald haldist áfram óbreytt á næsta ári verða forsendur gjaldtökunnar óbreyttar og þykir því eigi fært að fella gjaldið niður um næstkomandi áramót. Því er í þessum kafla lagt til að áframhald verði á gjaldtöku þessari á næsta ári. Tekjur af gjaldinu á næsta ári eru áætlaðar 10,5 millj. kr.

#### Um V. kafla.

Ákvæði þessa kafla þarfnast ekki skýringa.